

## Hvað er að fréttu af framgangi starfshóps um hlutverk þjónustumiðstöðva í innleiðingu nýrra þjónustubátta?

**K**raftmikill hópur hefur verið að kynna sér hvernig best sé að innleiða ný þjónustuverkefni, þ.e.a.s. þjónustu við geðfatlaða, í þjónustumiðstöðvarnar sex sem eru í Reykjavík. Starf hópsins hefur einkennst af ánægjulegu samstarfi og óhætt er að fullyrða að eftir hálfsmánaðarlega fundi höfum við kynnst vel menningu og þjónustu sem veitt er bæði af hálfu Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík og hlutverki þjónustumiðstöðva. En hvaða þætti hefur starfshópurinn skoðað?

- Núverandi skipulag og þjónustu Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík
- Hvernig hægt sé að þróa áfram þjónustu sem svæðisskrifstofan hefur framkvæmt
- Hvernig hægt er að draga fram sértæka styrkleika þjónustumiðstöðva og bæta enn frekar þjónustu við búsetukjarna fyrir geðfatlaða
- Leggja fram tillögur að skipuritum þjónustumiðstöðva með tillit til nýrra þjónustubátta


*Hver erum við?*  
Sólveig Reynisdóttir, Velferðarsvið  
Ingibjörg Sigurþórsdóttir, Velferðarsvið  
Jóna Rut Guðmundsdóttir, Velferðarsvið  
Magdalena Kjartansdóttir, Velferðarsvið  
Eldey Huld Jónsdóttir, Velferðarsvið  
Þóra Kemp, Velferðarsvið  
Jón Heiðar Ríkharðsson,  
Svæðisskrifstofa málefna fatlaða í  
Reykjavík  
Guðrún Einarsdóttir,  
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í  
Reykjavík

Starfshópurinn telur að flutningur á verkefnum frá ríki til Reykjavíkurborgar feli í sér ýmsa kosti hvort sem um ræðir þjónustu við íbúa búsetukjarnanna, starfsfólk og stjórnendur:

- ✓ Einn ábyrgðaraðili nærþjónustu. Notandi þarf ekki fara á milli þjónustustofnanna og ábyrgðin er skýr.
- ✓ Styrkleikar tveggja þjónustustofnanna er samþættur og getur því falið í sér skilvirkari þjónustu. Þannig má nefna að aðgengi að ýmsum sérfræðingum þjónustumiðstöðva verður greiðari og bein þjónusta við notendur getur einkennst af því. Þjónustumiðstöðvar hafa yfir að búa sérfræðingum á borð við félagsráðgjafa, sálfræðinga, náms- og starfsráðgjafa, frístundaráðgjafa o.fl.
- ✓ Heildarsýn í uppbyggingu á þjónustu við geðfatlaða felur m.a. í sér að allir lykilaðilar koma að þróun þjónustunnar. Með þessu móti verður stuðningur við stjórnendur og starfsfólk aukinn. Sjá mynd 1.

Starfshópurinn áætlað að ljúka vinnu í janúar

Við áætluð að við skilum af okkur skýrslu í lok janúar.



Mynd 1 Stuðningur við starfsfólk